



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um trúnaðarmerkt minnisblað borgarlögmanns frá 20. maí 2015 um Hverfisgötu 41

Á fundi borgarráðs 16. janúar 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um trúnaðarmerkt minnisblað borgarlögmanns frá 20. maí 2015 um Hverfisgötu 41:

Óskað er eftir að borgarráð fái sent minnisblað sem borgarlögmaður ritaði í kjölfar kaupa Reykjavíkurborgar á Hverfisgötu 41 árið 2016 á 63 milljónir.

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. janúar 2020, var óskað umsagnar borgarlögmanns um tilvitnaða fyrirspurn og fylgir hér á eftir umbeðin umsögn.

Í framangreindri fyrirspurn er þess farið á leit að borgarráð fái sent minnisblað þáverandi borgarlögmanns, dags. 20. maí 2015, um Hverfisgötu 41. Umrætt minnisblað er vinnugagn í skilningi 5. tölul. 6. gr., sbr. 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, og hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál, með úrskurði í máli nr. 734/2018, staðfest synjun Reykjavíkurborgar á beiðni um afhendingu þess, en ákvæði 6. gr. mælir fyrir um hvaða tegundir gagna geti verið undanþegin upplýsingarétti almennings. Þá hefur Héraðsdómur Reykjavíkur kveðið upp úrskurð þar sem synjað var beiðni þess efnis að Reykjavíkurborg yrði gert að afhenda tilvitnað minnisblað á grundvelli 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, í máli sem rekið var fyrir dómnum. Rétt er að geta þess að Reykjavíkurborg var ekki aðili að því dómsmáli sem um ræðir.

Þar sem fyrir liggur að umbeðið minnisblað er vinnugagn sem fellur undir undanþáguákvæði upplýsingalaga um upplýsingarétt almennings, er eðlilegt að trúnaður gildi um efni þess. Í 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og þagnarskyldu. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins, skal sveitarstjórn í samþykkt sinni kveða nánar á um meðal annars rétt sveitarstjórnarmanna til að fá afhent þar tilgreind gögn. Það hefur Reykjavíkurborg gert með setningu ákvæðis 35. gr. í samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, en þar er mælt fyrir um að borgarfulltrúa sé heimilt að kynna sér gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings á skrifstofu borgarstjórnar.

Með vísan til ákvæðis 4. mgr. 35. gr. tilvitnaðrar samþykktar er lagt til að í stað þess að senda borgarráðsfulltrúum minnisblaðið verði þeim veitt heimild til að kynna sér efni þess á

skrifstofu borgarstjórnar. Í því sambandi skal áréttað að umrætt minnisblað er ekki til afritunar, birtingar, deilingar eða dreifingar.



Ebba Schram